

Að visu hóst reksturinn aftur í maímánuði 1951 með álika fyrirkomu-
lagi, en það var samkvæmt alveg nýjum samningi og nokkuð breyttum
frá árinu áður. Þegar á þetta er litið, telur rétturinn, að gerðarþoli
hafi ekki rekið heimilisfasta atvinnustofnun í Glæsibæjarhreppi árið
1950. Ekki verður svo á litið, að lög nr. 59 1947 hafi neitt haggað við
ákvæði a-liðs 8. gr. útsvarslaganna, heldur beri að skilja þau með
hliðsjón af orðalagi a-liðsins.

Eftir þessari niðurstöðu verður gerðin ekki heimiluð eftir a-lið 8. gr.
útsvarslaganna.

Ekki verður talið, að gerðarþoli hafi haft jarðarafnot slík í Krossa-
nesi, er b-liður 8. gr. útsvarslaganna nær til, og verður gerðin því ekki
heldur heimiluð eftir þeim lið. Niðurstaðan verður samkvæmt því, er
nú hefur verið rakið, sú, að útsvarið sé ekki réttilega á lagt og verður
því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola
kr. 1000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á ekki að ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 1000.00 í málskostnað innan
15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. júní 1953.

Nr. 161/1952. **Kirkjusandur h/f** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Þórunni Kristínu Pálmadóttur

(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar **Hæstaréttar**.

Skadabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 27. október 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. sm.
Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara
lækkunar fjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði. Þá
krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti
úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Tryggingaryfirlæknir hefur hinn 16. þ. m. vottað, að samkvæmt rannsókn á heilsu stefnda, er framkvæmd var þann dag, verði að telja örorku stefnda óbreytta frá því, sem hún var áætluð af Jóhanni prófessor Sæmundssyni hinn 19. júní 1950. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnda, Þórunni Kristínu Pálmadóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur Þórunn Kristín Pálmadóttir, Laugarnesbragga 39 B, hér í bæ, höfðað eftir árangurslausa sáttumleitan fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. júní 1950, gegn Kirkjusandi h. f., hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 147 500.00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru, 23. júní 1950, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnandi, en til vara, að þær verði lækkaðar eftir mati dómarans. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Veturinn 1948 til 1949 var stefnandi starfsstúlka í hraðfrystihúsi stefnda á Kirkjusandi. Hinn 19. marz 1949 kl. rúmlega 18.00 vann hún að því að taka á móti fiskpökkum. Húsrými það, sem móttakan fór fram í, er gangur, sem liggur þvert í gegnum frystihúsið, og voru stefnandi og önnur starfsstúlka í frystihúsinu einar staddar í ganginum, er slys það gerðist, sem síðar verður sagt frá. Staðhættir á vinnustaðnum eru þeir, að op er á skilvegg milli gangsins, þar sem móttakan fer fram í, og sals þess, þar sem fiskurinn er pakkaður. Færiband flytur fiskpakkana að opi þessu, og frá enda þess liggur blikkrenna, skáhallt niður á við gegnum opið, að vinnuborði, sem stendur við skilvegginn undir opinu. Yfir endanum á færibandinu, nálægt veggnum, er láréttur sléttur 1" ás, ca. 7 sm neðan við efri brún opsins, en ca. 16 sm lóðrétt

upp frá rennuni. Ás þessi snýst þannig, að hann hreyfist að neðan að þeim, sem tekur á móti fiskpökkunum, og er hann óvarinn. Lárétt vegalengd frá miðju ássins og að fremri brún blikkrennunnar er um 33 sm, en fjarlægð frá miðju hans að fremri brún opsins, gangmegin, 23 sm. Breidd vinnuborðsins frá vegg er 56 sm og hæð þess frá grind á gólfi, er sá stendur á, sem tekur á móti fiskpökkunum, er 75 sm. Mótöku fiskpakkanna er að jafnaði svo háttáð, að starfsmaður sá, er veitir þeim viðtöku, tekur þá í blikkrennuni og setur þá á frystipönnur, sem eru til hliðar á vinnuborðinu. Á meðan skipt er um frystipönnur, þarf stundum að stöðva pakkana í rennuni, til þess að hindra að þeir falli niður á borðið. Sama er og, þegar mikið berst að, og er þá hugsanlegt, að halda þurfi við þá ofarlega í rennuni. Eitt vitni hefur borið það, að þegar mikið berist að, geti verið nauðsynlegt að styðja pakkana á færibandinu, og þurfi þá að stinga hendinni upp í gegnum opið, en ekki bar stefnandi nauðsyn til þess í umrætt skipti. Í málinu kemur fram, að stundum notuðu starfsstúlkur stefnda, þá er þær unnu við móttöku fiskpakkanna og flutning frystipanna í frystiklefa, sjóvetlinga, er þær fengu að láni hjá starfsmönnum frystihússins. Rétt áður en síðargreint slys varð, hafði stefnandi fengið lánaða stóra sjóvetlinga hjá einum starfsmanni frystihússins. Voru þeir með böndum í fitjunum, svo sem oft er um slíka vetlinga, til að binda þá saman með. Setti stefnandi vetlingana á sig og notaði þá við móttöku fiskpakkanna. Hin stúlkan, sem með henni var í ganginum, setti frystipönnurnar á kerrur, og er nægilegt var komið á þær, var þeim síðan ekið brott að frystiklefunum. Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt skipti hafi fiskpakkar borizt ört að, og hafi því verið nauðsynlegt að taka þá efst í rennuni, strax eftir að þeir féllu af færibandinu. Er hún hafi verið að taka einn pakkann, hafi bandið í hægri handar vetlingnum slegizt utan um fyrrnefndan ás og festzt á honum. Hafi þetta gerzt með svo skjóttum hætti, að hún hafi ekki haft neitt svigrúm til að ná vetlingnum af sér og hönd hennar og handleggur því vafizt upp á ásinn, en við það hafi framhandleggurinn margbrotnað og hendin öll laskazt. Stefnandi er að vísu ein til frásagnar um það, að slysið hafi borið að með þessum hætti, þar eð stúlka sú, er með henni var í ganginum, sneri baki að henni, er það varð, en þar sem skýrsla stefnandi um atburðinn kemur heim við staðhætti og er sennileg, þykir verða að leggja hana til grundvallar um það, hvernig slysið hafi borið að höndum. Er stefnandi hafði festzt á ásnum, rak hún upp óp, og er samstarfsstúlka hennar sá, hvernig komið var, hljóp hún inn í næsta sal og rauf rafmagnsstrauminn til vélar þeirrar, er ásnum sneri. Starfsmenn stefnda í frystihúsinu komu stefnandi þegar til hjálpar og losuðu handlegg hennar af ásnum og var hún síðan flutt í Landsspítalann, og þar gert að meiðslum hennar. Í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar, dagsettu 14. október 1949, en hann skoðaði stefnandi, segir meðal annars svo: „Aftan á miðjum framhandlegg var sár, sem gekk skáhallt niður á við medíalt og virtist vanta húðstykki medíalt. Distali hluti handleggsins „dinglaði“ laus, hékk fastur aðeins á

vöðvunum og öðrum mjúkum vefjum volart á handleggnum. Dorsalt höfðu vöðvarnir kramizt sundur og sínarnar höfðu dregizt út úr vöðvunum, svo ekki fannst einn einasti nýtilegur vöðvi dorsalt. Bæði úlna og radius voru brotin og stungust beinendarnir út úr sárinu. Brot þessi voru um miðjan framhandlegginn. Auk þess var radius brotinn á typiskum stað við úlnliðinn og þar mikil dislocation, enda var ligamentum triangulare og neðri úlnaendinn farinn úr liði. Taugar virtust ekki alvarlega skaddaðar. Strax eftir komuna í spítalann var gert að sárunum. Gerð var osteosynthesis á úlna og radiusbrotinu, þar eð óhugsandi var að fá brotendana til þess að liggja saman á annan hátt. Distala radiusbrotinu var reynt að reponera óblóðugt. Reynt var að rekonstruera vöðvana, en sýnilegt var, að það myndi ekki koma að miklu gagni. Eftir að sárinu hafði verið lokað, voru settar gipsumbúðir á handlegginn. Sj. var höfð á spítalanum þar til 8. apríl 1949, en þá útskrifuð með gipsumbúðir. Eftir það hefur hún komið reglulega á spítalann til eftirlits og til skipta á umbúðum. Proximala radiusbrotið og úlnabrotið er enn ekki gróíð og vafasamt, hvort þau gera það án frekari aðgerða (spengingar) og er hún því látin nota gipsumbúðir. Fullkomin insuficier er á öllum fingur- og handar-extensorum og hendingin er því, eins og er, algjörlega ónothæf. Engar líkur eru til þess að bæta hendingina, og takist ekki að fá framhandleggsbeinin til þess að gróa, verður hún, hvað vinnu snertir, engu betur stödd en þótt amputation hefði verið gerð á framhandleggnum.“

Samkvæmt vottorði Jóhanns Sæmundssonar tryggingaryfirlæknis, dagsettu 22. júní 1950, skoðaði hann stefnandi 19. s. m. Segir meðal annars í vottorðinu: — „Þann 16. maí 1950 er tekin röntgenmynd af brotstaðnum og sýnir hún, að brotið á ölninni (ulna) er enn ógróíð, en spengt með vir, að brotið (hið efra) á geislabeini er gróíð í skaplegum stellingum, en neðra brotið (hið lága) beini er illa eða ekki gróíð, en þó í góðum stellingum. Við skoðun nú kemur í ljós, að áberandi, bláleitt, djúpt barnslófa stórt ör er á h. framhandlegg handarbaksmegin og er það á gómstóru svæði vaxið við bein, húðin yfir örinu þunn og skænisleg. Allmikil hliðarsveigja er þarna á handleggnum og vöðvar að kalla eyðilagðir. Mikil deviation er á húðinni um úlnlið í áttina til úlna, ca. 180°. Heita má, að stúlkan sé alveg afllaus í úlnlið og öllum fingurliðum við fetingu og réttingu, en hún getur beygt, abducerað og adducerað þumal um fremri liðinn. Hún getur kreppt fremstu tvo liði hinna fingranna því nær eðlilega, en með fremur litlu afli, en ekki beygt nema um 15—20° í efstu fingurliðum. Mesta breyting í úlnlið fram og aftur ca. aðeins 5—10°. Pronation og supination er alls engin, en framhandleggurinn er í meðalstöðu hvað þetta snertir. Ég tel ekki líkur til að slösuðu batni verulega úr þessu og áætla örorku hennar um 45% framvegis.“

Loks segir í vottorði læknis, er skoðaði stefnandi 4. f. m., að ástand handarinnar og handleggsins sé í öllum aðalatriðum hið sama og segir í vottorði tryggingaryfirlæknisins og telur læknirinn ekki forsendur fyrir því, að örorkumati hans verði haggað.

Eftir að slysið varð, var sett fjöl skáhallt í opið framan við ásinn til öryggis. Síðan var hún tekin burtu og sett blikkhlíf nær ásum, framan og neðan við hann. Er lögmenn aðilja fóru á slysstaðinn 1. f. m. og síðan aftur ásamt dómáranum 23. f. m., til þess að athuga staðhætti, var blikkhlífinn ekki lengur til hlífðar ásum og var hann óvarinn, svo sem hann hafði verið, er slysið gerðist.

Stefnandi heldur því fram og reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stefndi beri eftir almennum reglum ábyrgð á öllu því tjóni, er hún hafi orðið fyrir vegna slyssins. Með því að hafa fyrrgreindan ás óvarinn hafi stefndi ekki fylgt fyrirmælum laga um öryggi á vinnustað. Vísar stefnandi í þessu sambandi sérstaklega til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 um eftirlit með vélum og verksmiðjum og 1. mgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, er sett hafa verið samkvæmt heimild í 22. gr. laganna. Þá bendir hún og á ákvæði laga nr. 23/1952, en í þeim lögum hafi verið gerðar strangari kröfur um öryggi á vinnustöðvum heldur en í hinum eldri ákvæðum. Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessari vanrækslu sinni bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart henni, enda meggi og rekja slysið til þess, að lögboðins öryggisútbúnaðar hafi ekki verið gætt. Vísar stefnandi í þessu sambandi til undirmatsgerðar, dags. 20. des. 1950.

Í öðru lagi telur stefnandi, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu og afleiðingum þess eftir reglunum um ábyrgð manna á starfsmönnum þeirra. Heldur stefnandi því fram, að verkstjóra stefnda hafi borið að vara hana og aðra þá, er önnuðust móttöku fiskpakkanna, við hættu þeirri, er af ásum gæti stafað, og sérstaklega því að koma í námunda við hann með sjóvetlinga á höndunum eða jafnvel banna notkun slíkra vetlinga. Verkstjórinn hafi hins vegar ekki varað við neinni hættu af ásum og látið óátalið, að sjóvetlingar væru notaðir við móttöku fiskpakkanna. Í þessu sambandi bendir stefnandi og á, að það hafi verið óforsvaranleg ráðstöfun hjá verkstjóranum að láta hana, er hafi verið aðeins 16 ára, er slysið varð, vinna þetta hættulega starf.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að hér hafi verið um hættulegan atvinnurekstur að ræða og beri stefndi ábyrgð á slysinu eftir reglunum um ábyrgð á slíkum atvinnurekstri.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að hann eða starfsmenn hans hafi enga sök átt á slysinu. Telur hann, að það hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis af hálfu stefnandi sjálfrar. Bendir stefndi á þessu til stuðnings, að af hálfu véla- og verksmiðjueftirlits ríkisins hafi ekki verið krafizt frekari öryggisútbúnaðar en fyrir hendi var, þegar slysið varð, og vísar í þessu efni til bréfs forstöðumanns þess, dagsetts 1. júní 1950. Þá vísar stefndi og, máli sínu til stuðnings, til yfirmatsgerðar, dagsettrar 25. apríl 1951, en samkvæmt niðurstöðu hennar telja yfirskoðunarmennirnir, að útbúnaðurinn fullnægi að þeirra áliti þeim kröfum, sem gerðar séu um öryggi á vinnustað.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 segir meðal annars svo: „Girðingar og hlífar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta véla, er mönnum stafar hætta af að nálgast ...“ Þá segir svo í 2. mgr. 12. gr.

sömu laga: „Nú eru fleiri vélar knúnar orku frá einni aflstöð, og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vél um sig, þótt aflstöðin vinni.“ Enn segir í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, er sett var samkvæmt heimild í 22. gr. nefndra laga, að hreyfihlutar gangútbúnaðar, svo sem ásar, gangreimar og ganghjól, skulu vera tryggilega afgirt eða á annan hátt svo um þá búið, að mönnum, sem hafast við, þar sem slíkur búnaður er, stafi ekki hætta af. Loks segir svo í 1. mgr. 38. gr. greindrar reglugerðar: „Laus tengsl eða laus og föst ganghjól skulu vera á gangbúnaði, þannig að stöðva megi frá vinnustofu, þó að aflvélin gangi. Ef þessu verður ekki við komið, skal mega gefa merki frá vinnustofunni um að stöðva vélina. Þar sem rafhreyfill er notaður, skal vera hægt að rjúfa strauminn á stað, sem er greiður aðgöngu innan vinnustofunnar.“

Það verður ekki talið, að af hálfu véla- og verksmiðjueftirlitsins sé heimilt að slaka á þeim kröfum, sem gerðar eru í greindum ákvæðum um öryggisútbúnað. Svo sem áður er sagt, var fyrrgreindur ás óvarinn. Var það gagnstætt tilvitnuðum fyrirmælum 11. gr. laga nr. 24/1928 og 37. gr. reglugerðar 10/1929 og verður að telja, að stefndi beri ábyrgð á því, að fyrirskipaðs öryggisútbúnaðar var ekki gætt. Meginorsök slyssins verður rakin til umrædds vanbúnaðar, og er stefndi því fébótaskyldur gagnvart stefnandi.

Það verður að teljast hafa verið óvarlegt að nota stóra sjóvetlinga við starf það, sem stefnandi vann að, er hún varð fyrir slysinu, en í málinu er það upp komið, að algengt var að starfsstúlkur frystihússins, er þar gegndu þessu sama starfi, notuðu slíka vetlinga, er þær ýmist fengu lánaða hjá starfsmönnum frystihússins eða tóku til notkunar með þegjandi samþykki þeirra. Verkstjórum stefnda var kunnugt um, að stúlkurnar notuðu slíka vetlinga við starf þetta. Þeir vöruðu þó ekki stúlkurnar við því, og hefði verkstjórunum þó átt að vera ljóst, að hætta gat af notkun slíkra vetlinga stafað. Að þessu athuguðu þykir stefnandi, sem aðeins var 16 ára að aldri, er slysið varð, ekki verða gefið það að sök, að hún notaði sjóvetlinga við starfið í umrætt skipti. Er stefnda því skylt að bæta henni allt það tjón, er hún varð fyrir vegna umrædds slyss.

Það athugast, að eigi var unnt að rjúfa rafstraum til aflvélar þeirrar, er knúði fyrrnefndan ás, í húsrými því, er stefnandi starfaði í, er hönd hennar festist á ásnun. Var með því brotið gegn tilvitnuðum fyrirmælum 38. gr. reglugerðar nr. 10/1929. Ætla má, að þessi vanbúnaður hafi valdið því, að meiðsli stefnandi hafi orðið meiri en ella.

Kröfur sínar í stefnu hefur stefnandi sundurliðað svo:

1. Örorkubætur	kr. 120 000.00
2. Bætur fyrir sársauka, lýti og óþægindi	” 20 000.00
3. Sjúkrahjálpi	” 7 500.00

Samtals kr. 147 500.00

Í greinargerð féll stefnandi frá 3. lið kröfunnar, þar eð Tryggingarstofnun ríkisins hefði greitt hann að fullu.

Samkvæmt bréfi Tryggingarstofnunninnar, dagsettu 29. júní 1950, hefur

hún greitt stefnandi dagpeninga og örorkubætur samtals kr. 39 226.42.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína undir 1. lið um þá upphæð eða niður í kr. 80 773.58, en hélt fast við 2. lið kröfunnar svo og við kröfu sína um vexti og málskostnað.

Stefndi hefur mótmælt 1. og 2. lið stefnukröfunnar sem of háum, og verða þeir nú teknir til athugunar hvor um sig.

Um 1. Tryggingarfræðingur hefur verið fenginn til að reikna út fjárhagstjón stefnandi. Samkvæmt bréfi hans, dagsettu 28. júní 1950, er útreikningur hans miðaður við tímakaup hjá Verkakvennafélaginu Framsókn, en eftir taxta þess félags vann stefnandi, þegar hún slasaðist. Við útreikninginn tók tryggingarfræðingurinn tillit til hækkunar á kaupum, er varð í júlíbyrjun 1949, og miðaði við 45% örorku stefnandi í samræmi við áður rakin læknisvottorð. Reiknaðist tryggingarfræðingnum verðmæti starfsorkumissis stefnandi kr. 135 869.00. Frá þessari upphæð dregur hann 10—20%, sem hann áætla vegna atvinnuleysis, og kemur þá út tjón vegna örorkunnar kr. 108 695.00 til kr. 122 282.00. Miðaði stefnandi kröfu sína í stefnu um bætur fyrir örorku við þennan útreikning. Síðan málið var höfðað hefur kaupgjald hækkað samkvæmt kaupgjaldsvisitölu. Var því tryggingarfræðingurinn fenginn til að reikna út að nýju fjárhagstjón stefnandi. Samkvæmt bréfi hans, dagsettu 4. f. m., reiknar hann tjón stefnandi vegna örorkunnar kr. 156 771.00 til kr. 176 368.00. Er útreikningur þessi gerður á hinum sömu forsendum og hinn fyrri að öðru leyti en því, að tekið er tillit til hækkunar kaupgjalds. Við útreikninginn á tjóni stefnandi hefur tryggingarfræðingurinn miðað við, að hún hafi verið 45% öryrki frá slyssdegi, en í málinu kemur fram, að stefnandi hefur verið algerlega óvinnufær um eins árs skeið eftir slysið. Að því athuguðu, sem að framan er rakið, þykir kröfu stefnandi um bætur fyrir örorku í hóf stillt, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 2. Þegar athugað er, með hverjum hætti umrætt slys varð, þykir sýnt, að það hafi í upphafi valdið stefnandi verulegum þjáningum. Þá hafa síðari lækniáðgerðir, sbr. fyrrgreind læknisvottorð, bakað stefnandi sársauka og óþægindi. Loks er það ljóst af ljósmyndum, er fram hafa verið lagðar í málinu, að hægri hendi og framhandleggur stefnandi ber veruleg og varanleg lýti vegna meiðslanna. Þegar þessi atriði eru virt, þykja bætur til stefnandi samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15 000.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandi kr. 95 773.58 (kr. 80 733.58 + kr. 15 000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 7 000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kirkjusandur h.f., greiði stefnandi, Þórunni Kristínu Pálmadóttur, kr. 95 773.58 með 6% ársvöxtum frá 23. júní 1950 til greiðsludags og kr. 7 000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 149/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason)

gegn

Erlendi Ó. Péturssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og Kristján Kristjánsson borgarfégetl.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögn héraðsdóms hefur nýtt fasteignamat verið framkvæmt á húsi stefnda nr. 23 við Tryggvagötu í Reykjavík til leiðréttingar fasteignamati frá 1942, sbr. 18. gr. laga nr. 70/1945. Samkvæmt þeirri virðingu er fasteignamatsverð húseignarinnar, miðað við 31. desember 1949, talið kr. 38000.00. Þetta leiðréttta fasteignamat ber að leggja til grundvallar í málinu. Af því leiðir, að eign stefnda 31. desember 1949, reiknuð samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22/1950, nam ekki kr. 300.000.00. Verður héraðsdómurinn því staðfestur að niðurstöðu til.